

## Samstarfsverkefni:

Ferðamálastofa og Markaðsstofa Norðurlands eru með verkefni þar sem verið er að skrá gönguleiðir á Norðurlandi. Tilgangurinn með þessu verkefni er að til verði [miðlægt skráningarkerfi um gönguleiðir um allt land](#). Búið er að skrá nokkrar leiðir á [Norðurlandi](#) og langar FFA að ganga til liðs við þessa aðila og taka þátt í að skrá fleiri leiðir. Þess vegna bjóðum við félagsmönnum og öðrum sem áhuga hafa upp á að taka þátt í þessu verkefni.

Ef þú vilt taka þátt í verkefninu er best að hafa samband við formann FFA, á netfanginu [formadur@ffa.is](mailto:formadur@ffa.is) til að fá upplýsingar um það hvernig standa skuli að skráningu, eins eru mjög góðar upplýsingar á þeim tenglum sem er að finna í þessari efnisgrein. Þegar ferill er tekinn af gönguleið þá sé notuð mesta mögulega nákvæmni.

### Helstu atriði sem skipta máli eru þessi:

- Nauðsynlegt er að skráningaraðili hafi:
- Góða þekkingu á gönguleiðinni, sumar og vetur
- Kunnáttu í notkun GPS-tækja

### Gagnlegt er að skráningaraðili hafi:

- Reynslu eða viðeigandi menntun í leiðsögn
- Reynslu í slysavörnum eða þjálfun í leit og björgun hjá slysavarnafélagi

Ferðamálastofa á nokkur tæki sem hægt er að tengja við leiðréttingakerfi Landmælinga Íslands og hægt að fá þannig tæki lánað áður en lagt er af stað, hægt verður að nálgast eitt þannig tæki á skrifstofu FFA. Hér er hægt að sjá leiðbeiningar um búnaðinn sem notaður er: <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/gonguleidir/leidbeiningar-vid-skraningu-gonguleida.pdf>